

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/2109

2020/EES/54/14

frá 15. nóvember 2017

um breytingu á tilskipun ráðsins 98/41/EB um skráningu einstaklinga sem eru um borð í farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nákvæmar og tímanlegar upplýsingar um fjölda einstaklinga um borð í skipi eða deili þeirra eru nauðsynlegar fyrir undirbúning og skilvirkni leitar- og björgunaraðgerða. Eigi slys sér stað á sjó verða aðgerðir lögbærra yfirvalda þess ríkis eða þeirra ríkja sem hlut eiga að máli, rekstraraðila skips og umboðsaðila þeirra mun skilvirkari ef allir vinna saman í einu og öllu. Tilteknir þættir þessarar samvinnu falla undir tilskipun ráðsins 98/41/EB (3).
- 2) Niðurstöður hæfisprófunar innan ramma áætlunarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf (REFIT-áætlunin) og fengin reynsla af framkvæmd tilskipunar 98/41/EB hafa leitt í ljós að upplýsingar um einstaklinga um borð eru ekki alltaf greiðlega aðgengilegar lögbærum yfirvöldum þegar þau þurfa á þeim að halda. Í því skyni að takast á við þetta ástand ætti að samræma núverandi kröfur tilskipunar 98/41/EB við kröfurnar um rafræna tilkynningu gagna, sem leiðir til meiri skilvirkni. Stafvæðing mun einnig auðvelda aðgengi að upplýsingum um verulegan fjölda farþega í neyðartilvikum eða í kjölfar slyss á sjó.
- 3) Síðastliðin 17 ár hafa mikilvægar tækniframfarir átt sér stað að því er varðar boðskiptaleiðir og geymslu gagna um ferðir skipa. Nokkur tilkynningarskyldukerfi skipa hafa verið sett upp á strandlengju Evrópu í samræmi við viðeigandi reglur, sem samþykktar eru af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO). Lög Sambandsins og landslög tryggja að skip uppfylli gildandi tilkynningakröfur samkvæmt þessum kerfum. Nú er nauðsynlegt að taka framförum á sviði tækninýjunga með því að byggja á þeim árangri sem náðst hefur hingað til, þ.m.t. á alþjóðavettvangi, og tryggja að tæknilegu hlutleysi sé ávallt gætt.
- 4) Söfnun, flutningur og samnýting gagna hafa verið gerð möguleg, einfölduð og samræmd með landsbundnu sameiginlegu gáttinni (e. *National Single Window*) [áður þýtt sem landsbundinn stakur gluggi] sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB (4) og rafræna tilkynningakerfinu í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfið) sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB (5). Upplýsingarnar um einstaklinga um borð, sem krafist er með tilskipun 98/41/EB, ætti því að tilkynna í gegnum landsbundnu sameiginlegu gáttina sem veitir

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 315, 30.11.2017, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 34, 2.2.2017, bls. 172.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 4. október 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. október 2017.

(3) Tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins (Stjtið. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB (Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

lögþæru yfirvaldi greiðan aðgang að gögnunum í neyðartilvikum eða í kjölfar slyss á sjó. Tilkynna skal um fjölda einstaklinga um borð í gegnum landsbundnu sameiginlegu gáttina með því að nota viðeigandi tæknilega þætti, sem aðildarríki ættu að fá að ákveða sjálf. Að öðrum kosti skal tilkynna það tilnefndu yfirvaldi í gegnum sjálfvirka auðkenniskerfið (AIS).

- 5) Til að auðvelda miðlun og skipti á upplýsingum, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, og til að draga úr stjórnsýslubyrði ættu aðildarríkin að nota samræmd formsatriði við skýrslugjöf sem komið var á með tilskipun 2010/65/ESB. Verði slys sem hefur áhrif á fleiri en eitt aðildarríki ættu aðildarríkin að gera upplýsingarnar aðgengilegar öðrum aðildarríkjum í gegnum SafeSeaNet-kerfið.
- 6) Til að gefa aðildarríkjunum nægilega langan tíma til að bæta nýrri virkni við landsbundnu sameiginlegu gáttina þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil, en á því tímabili hafa aðildarríkin möguleikann á að viðhalda núverandi kerfi fyrir skráningar á einstaklingum um borð í farþegaskipum.
- 7) Þær framfarir sem hafa orðið í þróun á landsbundnum sameiginlegum gáttum ættu að liggja til grundvallar framtíðar-umhverfi með eina sameiginlega gátt fyrir Evrópu.
- 8) Aðildarríkin ættu að hvetja rekstraraðila, sér í lagi smærri rekstraraðila, til að nota landsbundnu sameiginlegu gáttina. Til að tryggja að farið sé ákvæðum meðalhófsreglunnar ættu aðildarríkin hins vegar, í sérstökum tilvikum, að eiga þess kost að undanþiggja smærri rekstraraðila, sem nota ekki enn landsbundnu sameiginlegu gáttina og sem sigla aðallega innanlands á leiðum sem eru styttri en 60 mínútum, frá skyldunni að tilkynna um fjölda farþega um borð í gegnum landsbundnu sameiginlegu gáttina.
- 9) Til að taka tillit til sértækrar landfræðilegrar staðsetningar Helgolands-eyju og Borgundarhólms og eðli siglinga til og frá þeim til meginlandsins ættu Þýskaland, Danmörk og Svíþjóð að fá viðbótartíma til að taka saman skrána yfir einstaklinga um borð og nota núverandi kerfi til að miðla þessum upplýsingum meðan á umbreytingartímabili stendur.
- 10) Aðildarríkin ættu áfram að hafa möguleikann á að lækka 20 sjómílna þröskuldinn til að skrá og tilkynna skrána yfir einstaklinga um borð. Þessi réttur nær til ferða þar sem farþegaskip með mikinn fjölda farþega sem á lengri ferð hefur viðkomu í mörgum höfnum með fjarlægð minni en 20 sjómíllur á milli hafna. Í slíkum tilvikum ætti að heimila aðildarríkjum að lækka 20 sjómílna þröskuldinn svo mögulegt sé að skrá þær upplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, að því er varðar farþega um borð sem komu um borð í fyrstu höfn eða í síðari viðkomuhöfnum.
- 11) Þau gögn sem send eru ættu að innihalda upplýsingar um þjóðerni einstaklinga um borð svo hægt sé að veita skyldmönnum tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar ef slys verður, til að draga úr óþarfa töfum í ræðisaðstoð og annari þjónustu og til að auðvelda ferlið við að bera kennsl á farþega. Skrána yfir þau gögn sem krafist er fyrir ferðir yfir 20 sjómíllur að lengd ætti að einfalda, skýra nánar og, eftir því sem við verður komið, laga að tilkynningarkröfum í landsbundnu sameiginlegu gáttinni.
- 12) Í ljósi þeirra framfara sem orðið hafa á rafrænum aðferðum til að skrá gögn og með tilliti til þeirrar staðreyndar að persónuupplýsingum er safnað fyrir brottför skips skal stytta 30 mínútna tímabilið, sem kveðið er á um í tilskipun 98/41/EB, niður í 15 mínútur.
- 13) Það er mikilvægt að öllum um borð séu látin í té skýr fyrirmæli, sem fylgja ber á neyðarstundum og skulu þau vera í samræmi við alþjóðlegar kröfur.
- 14) Til að auka skýrleika laga og bæta samkvæmni við tengda löggjöf Sambandsins og sér í lagi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB⁽¹⁾, skal uppfæra eða fella brott fjölda tilvísana sem eru úreltar, óskýrar og villandi. Skilgreininguna á hugtakinu „farþegaskip“ ætti að laga að annari löggjöf Sambandsins þannig að hún fari ekki út fyrir gildissvið þessarar tilskipunar. Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „skýlt hafsvæði“ ætti að koma hugtak sem er í samræmi við tilskipun 2009/45/EB að því er varðar undanþágur samkvæmt þessari tilskipun, sem tryggir nálægð við leitar- og björgunarþjónustu. Skilgreiningunni á hugtakinu „umsjónarmaður farþegaskráningar“ ætti að breyta þannig að hún endurspegli nýjar skyldur sem fela ekki lengur í sér geymslu á upplýsingum. Skilgreiningin á hugtakinu „tilnefnt yfirvald“ ætti að taka til lögþæra yfirvalda sem hafa beinan eða óbeinan aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun. Fella ætti brott samsvarandi kröfur um að fyrirtæki hafi farþegaskráningarkerfi.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (Stjtfð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1).

- 15) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um skemmtisnekkjur eða skemmtibáta. Hún ætti einkum ekki að gilda um skemmtisnekkjur eða skemmtibáta þegar þau eru leigð sem þurrleiguskip og eru í framhaldinu ekki nýtt til að flytja farþega í atvinnuskyni.
- 16) Aðildarríkin ættu áfram að bera ábyrgð á að tryggja að kröfurnar um gagnaskráningu samkvæmt tilskipun 98/41/EB séu uppfylltar, nánar tiltekið kröfurnar um nákvæma og tímanlega skráningu gagna. Til að tryggja samkvæmni upplýsinga ætti að vera mögulegt að framkvæma úrtakskannanir.
- 17) Að svo miklu leyti sem þær ráðstafanir sem kveðið er á um í tilskipunum 98/41/EB og 2010/65/ESB fela í sér vinnslu persónuupplýsinga ætti að framkvæma þessa vinnslu í samræmi við lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾. Einkum ætti ekki að vinna eða nota persónuupplýsingar, sem safnað er í samræmi við tilskipun 98/41/EB, í neinum öðrum tilgangi og þær ætti ekki að geyma lengur en nauðsynlegt er að því er varðar tilskipun 98/41/EB, með fyrirvara um aðrar lagaskyldur í samræmi við persónuverndarlög. Persónuupplýsingum ætti því að eyða sjálfvirk og án ástæðulausrar tafar um leið og sjóferð er lokið örugglega eða, eftir því sem við á, þegar rannsókn eða dómsmeðferð í kjölfar slyss eða neyðarástands er lokið.
- 18) Með tilliti til nýjustu tækni og kostnaðar við framkvæmd ætti hvert fyrirtæki að gera viðeigandi tækni- og skipulagsráðstafanir til að vernda þær persónuupplýsingar sem eru unnar samkvæmt þessari tilskipun gegn óviljandi eða ólögumætri eyðingu á upplýsingunum eða að þær glatist óviljandi, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim, í samræmi við löggjöf Sambandsins og landslöggjöf um persónuvernd.
- 19) Að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar og þar sem það er farþeganum í hag að veita réttar upplýsingar eru núverandi leiðir til að afla persónuupplýsinga á grundvelli eigin yfirlýsingar farþegans nægilegar að því er varðar tilskipun 98/41/EB. Á sama tíma ættu rafrænar aðferðir til gagnaskráningar og sannprófunar gagna að tryggja að einkvæmar upplýsingar séu skráðar fyrir hvern einstakling um borð.
- 20) Framkvæmdastjórnin ætti að koma á fót og viðhalda gagnagrunni í því skyni að auka gagnsæi og auðvelda aðildarríkjunum að tilkynna undanþágur og beiðnir um frávik. Gagnagrunnurinn ætti að innihalda tilkynntar ráðstafanir, bæði drög þeirra og samþykktar útgáfur. Samþykktar ráðstafanir ætti að gera aðgengilegar almenningi.
- 21) Gögn er varða tilkynningar aðildarríkjanna um undanþágur og beiðnir um frávik, ætti að samhæfa og samræma eftir þörfum, til að tryggja að notkun slíkra gagna sé eins skilvirk og kostur er.
- 22) Í ljósi þeirra breytinga sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) hefur haft í för með sér ætti að uppfæra þær valdheimildir, sem framkvæmdastjórninni eru veittar til að koma tilskipun 98/41/EB til framkvæmda, til samræmis við það. Framkvæmdargerðir ætti að samþykkja í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽³⁾.
- 23) Í því skyni að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og til að auka gagnsæi ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins með það fyrir augum að beita ekki breytingum á alþjóðlegum gerningum að því er þessa tilskipun varðar, ef nauðsyn krefur. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin efni til viðeigandi samráðs meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í stofnanasamstarfs-samningnum frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða ættu Evrópuþingið og ráðið m.a. að taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra að hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 24) Eftir að Siglingaöryggisstofnun Evrópu hefur lokið lotu eftirlitsheimsókna ætti framkvæmdastjórnin að meta framkvæmd tilskipunar 98/41/EB fyrir 22. desember 2026 og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar að lútandi. Aðildarríkin ættu að starfa með framkvæmdastjórninni til að safna saman öllum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir þetta mat.
- 25) Til að endurspeglar þær breytingar sem gerðar hafa verið á tilskipun 98/41/EB ættu upplýsingar um einstaklinga um borð að koma fram í skránni yfir formsatriði við skýrslugjöf, sem um getur í A-hluta viðaukans við tilskipun 2010/65/ESB.
- 26) Í því skyni að leggja ekki óhóflega stjórnsýslubyrði á landlukt aðildarríki, sem hafa engar hafnir við sjó og engin skip sem sigla undir þeirra fána, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, ætti að heimila slíkum aðildarríkjum að víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar. Þetta þýðir að á meðan þetta skilyrði er uppfyllt er þeim ekki skylt að lögleiða þessa tilskipun.
- 27) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún formlegum athugasemdum 9. desember 2016.
- 28) Því ætti að breyta tilskipunum 98/41/EB og 2010/65/ESB til samræmis við það,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 98/41/EB

Tilskipun 98/41/EB er breytt sem hér segir:

1) ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað annars undirliðar komi eftirfarandi:

„— „farþegaskip“: skip eða háhraðafar sem flytur fleiri en tólf farþega,“

b) í stað sjötta undirliðar komi eftirfarandi:

„— „umsjónarmaður farþegaskráningar“: einstaklingur sem fyrirtæki hefur tilnefnt til að sjá um að ákvæðum ISM-kóðans sé fullnægt, eftir atvikum, eða einstaklingur sem félag tilnefnir til að senda upplýsingar um einstaklinga sem stíga um borð í farþegaskip félagsins,“

c) í stað sjöunda undirliðar komi eftirfarandi:

„— „tilnefnt yfirvald“: lögbært yfirvald í því aðildarríki sem ber ábyrgð á leit og björgun eða meðferð á eftirmálum slýss og hefur aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun,“

d) níundi undirliður falli brott,

e) í stað inngangsorðanna í tíunda undirlið komi eftirfarandi:

„— „áætlunarferðir“: siglingar skips milli tveggja eða fleiri hafna eða siglingar til og frá einni höfn án viðkomu á öðrum stöðum, annaðhvort,“

f) eftirfarandi undirliður bætist við:

„— „hafnarsvæði“: svæði eins og það er skilgreint í r-lið 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB,“

g) eftirfarandi undirliður bætist við:

„— „skemmtisnekkja eða skemmtibátur“: skip sem ekki er nýtt í atvinnuskyni, óháð knúningsmáta,“

2) í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

1. Þessi reglugerð gildir um farþegaskip, að undanskildum:

- herskipum og liðsflutningaskipum,
- skemmtisnekkjum og skemmtibátum,
- skipum sem eru einungis starfrækt innan hafna eða á skipgengum vatnaleiðum.

2. Aðildarríki, sem ekki hafa hafnir við sjó og engin farþegaskip sem sigla undir þeirra fána, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, mega víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar að frátalinni þeirri skyldu sem sett er fram í annarri undirgrein.

Þau aðildarríki sem ætla að notfæra sér þessa undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær fyrirátlanir sínar eigi síðar en 21. desember 2019 ef skilyrðin eru uppfyllt og upplýsa framkvæmdastjórnina árlega eftir það um allar síðari breytingar. Slík aðildarríki mega ekki leyfa farþegaskipum, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, að sigla undir þeirra fána þar til þau hafa tekið upp og innleitt þessa tilskipun.“

3) í stað 2. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„2. Fyrir brottför farþegaskipsins skal tilkynna skipstjóra skipsins um fjölda einstaklinga um borð og nota viðeigandi tækniaðferð til að tilkynna um fjöldann í gegnum sameiginlegu gáttina, sem stofnuð er skv. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB (*), eða, ef aðildarríki ákveður svo, tilkynna það tilnefndu yfirvaldi í gegnum sjálfvirka auðkenniskerfið.

Á sex ára umbreytingartímabili frá 20. desember 2017 mega aðildarríkin áfram leyfa að upplýsingar séu tilkynntar umsjónarmanni farþegaskráninga eða kerfi fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, í staðinn fyrir að krefjast þess að þær séu tilkynntar í gegnum sameiginlegu gáttina eða tilnefndu yfirvaldi í gegnum sjálfvirka auðkenniskerfið.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB (Stjttíð. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1).“

4) í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

1. Þegar farþegaskip siglir úr höfn sem staðsett er í aðildarríki, í þeim tilgangi að hefja sjóferð þar sem vegalengdin frá brottfararhöfn að næstu viðkomuhöfn er meiri en 20 sjómíllur, skal skrá eftirfarandi upplýsingar:

- kenninöfn, eiginnöfn, kyn, þjóðerni og fæðingardag allra einstaklinga um borð,
- upplýsingar um hvort viðkomandi þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, ef farþegi býður þær sjálfviljugur,
- símanúmer tengiliðs í neyðartilviki, kjósi aðildarríkið það og ef farþegi býður þær upplýsingar sjálfviljugur.

2. Safna skal þeim upplýsingum sem skráðar eru í 1. mgr. fyrir brottför farþegaskipsins og tilkynna þær í gegnum sameiginlegu gáttina, sem komið er á fót skv. 5. gr. tilskipunar 2010/65/ESB, við brottför farþegaskipsins en eigi síðar en 15 mínútum eftir brottför þess.

3. Á sex ára umbreytingartímabilinu frá 20. desember 2017 mega aðildarríkin áfram heimila að upplýsingar séu tilkynntar umsjónarmanni farþegaskráninga eða kerfi fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, í staðinn fyrir að krefjast þess að þær séu gefnar í gegnum sameiginlegu gáttina.

4. Án þess að hafa áhrif á aðrar lagaskyldur, sem samræmast löggjöf Sambandsins og landslöggjöf um persónuvernd, skulu persónuupplýsingar, sem safnað er í samræmi við þessa tilskipun, ekki unnar eða notaðar í neinum öðrum tilgangi. Slíkar persónuupplýsingar skulu ávallt meðhöndlaðar í samræmi við lög Sambandsins um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og skal þeim eytt sjálfvirkt og án ástæðulausrar tafar um leið og þeirra er ekki lengur þörf.“

5) í stað 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„2. Hvert aðildarríki skal, að því er varðar sérhvert farþegaskip sem siglir undir fána þriðja lands og lætur úr höfn utan Sambandsins og stefnir til hafnar sem staðsett er í því aðildarríki, krefjast þess af fyrirtækinu að það sjái til þess að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. séu veittar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr.“,

6) í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

1. Hvert það félag sem axlar þá ábyrgð að reka farþegaskip skal, þegar þess er krafist skv. 4. og 5. gr. þessarar tilskipunar, skipa umsjónarmann farþegaskráninga, sem ber ábyrgð á að tilkynna þær upplýsingar sem um getur í þeim ákvæðum, í gegnum sameiginlegu gáttina sem komið er á fót skv. 5. gr. tilskipunar 2010/65/ESB eða til tilnefnds yfirvalds í gegnum sjálfvirka auðkenniskerfið.

2. Félagið skal ekki geyma persónuupplýsingar, sem safnað er í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar, lengur en þörf krefur að því er varðar þessa tilskipun og í öllum tilvikum aðeins fram að þeirri stundu sem viðkomandi sjóferð hefur verið lokið örugglega og gögnin hafa verið tilkynnt í gegnum sameiginlegu gáttina, sem komið er á fót skv. 5. gr. tilskipunar 2010/65/ESB. Án þess að hafa áhrif á aðrar sértækar lagaskyldur samkvæmt löggjöf Sambandsins og landslöggjöf, þ.m.t. í tölfraðilegum tilgangi, skal upplýsingunum, þegar ekki er lengur þörf á þeim í þessum tilgangi, eytt sjálfvirkt og án ástæðulausrar tafar.

3. Sérhvert félag skal tryggja að upplýsingar um farþega, sem látið hafa í ljós að þeir þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, séu skráðar með tilhlýðilegum hætti og tilkynntar skipstjóra fyrir brottför farþegaskipsins.“,

7) ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

— ákvæði a-liðar falli brott,

— eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar:

„2. Aðildarríki, þaðan sem farþegaskip lætur úr höfn, er heimilt að veita skipinu undanþágu frá skyldunni til að tilkynna um fjölda einstaklinga um borð í gegnum sameiginlegu gáttina, sem komið er á fót skv. 5. gr. tilskipunar 2010/65/ESB, að því tilskildu að skipið sem um er að ræða sé ekki háhraðafar, það sigli áætluðarferðir sem taka innan við klukkustund milli hafna og einungis á hafsvæði D, sem komið er á fót skv. 4. gr. tilskipunar 2009/45/EB, og að nálægð við leitar- og björgunarþjónustu sé tryggð á þessu hafsvæði.

Aðildarríki er heimilt að veita farþegaskipum, sem sigla milli tveggja hafna eða til og frá sömu höfnum án viðkomu á öðrum stöðum, undanþágu frá þeim skyldum, sem mælt er fyrir um í 5. gr. þessarar tilskipunar, að því tilskildu að skipið sem um er að ræða sigli einungis á hafsvæði D, sem komið er á fót skv. 4. gr. tilskipunar 2009/45/EB, og að nálægð við leitar- og björgunarþjónustu er tryggð á þessu hafsvæði.“,

— eftirfarandi undirgrein bætist við:

„þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. og án þess að hafa áhrif á umbreytingartímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 5. gr., skulu eftirfarandi aðildarríki hafa rétt á að beita eftirfarandi undanþágum:

- i. Þýskaland má lengja tímabilin fyrir söfnun og tilkynningu upplýsinga, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., í eina klukkustund eftir brottför ef um er að ræða farþegaskip sem siglir til og frá Helgoland-eyju og
- ii. Danmörk og Svíþjóð mega lengja tímabilin fyrir söfnun og tilkynningu upplýsinga, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., í eina klukkustund eftir brottför ef um er að ræða farþegaskip sem siglir til og frá Borgundarhólmi.“,

b) í stað a- og b-liðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„a) aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að veita undanþágu frá þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 5. gr. og leggja fram rökstuddar ástæður fyrir þeirri ákvörðun. Þessi tilkynning skal gefin í gegnum gagnagrunn sem framkvæmdastjórnin kemur á fót og viðheldur í þeim tilgangi og sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu hafa aðgang að. Framkvæmdastjórnin skal gera samþykktar ráðstafanir aðgengilegar á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi,

- b) telji framkvæmdastjórnin innan sex mánaða frá slíkri tilkynningu að undanþágan sé ekki réttlæt看leg eða að hún geti haft neikvæð áhrif á samkeppni er henni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir, sem krefjast þess að aðildarríkið breyti ákvörðun sinni eða afturkalli hana. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.“,

- c) í stað þriðju undirgreinar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„Beiðnin skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina í gegnum gagnagrunninn sem um getur í 3. mgr. Telji framkvæmdastjórnin innan sex mánaða frá slíkri beiðni að undanþágan sé ekki réttlæt看leg eða að hún geti haft neikvæð áhrif á samkeppni er henni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir, sem krefjast þess að aðildarríkið breyti eða samþykki ekki fyrirhugaða ákvörðun. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.“,

- 8) í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirtækin hafi yfir að ráða málsmeðferð við gagnaskráningu sem tryggir að upplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, séu tilkynntar á nákvæman og tímanlegan hátt.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna það yfirvald sem mun hafa aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu tryggja að tilnefnt yfirvald hafi tafarlausan aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun í neyðartilvikum eða vegna eftirmála slyss.

3. Aðildarríkin skulu ekki geyma persónuupplýsingar, sem aflað er í samræmi við 5. gr., lengur en nauðsynlegt er að því er varðar þessa tilskipun og í öllum tilvikum eigi lengur en:

a) þar til viðkomandi sjóferð hefur verið örugglega lokið, en undir öllum kringumstæðum eigi lengur en 60 dögum eftir brottför skipsins eða

b) í neyðartilviki eða vegna eftirmála slyss, þar til rannsókn eða dómsmálum er lokið.

4. Með fyrirvara um aðrar sértækar lagaskyldur samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum, þ.m.t. skyldur í tölfræðilegum tilgangi, skal upplýsingunum, þegar ekki er lengur þörf á þeim að því er varðar þessa tilskipun, eytt sjálfvirkt og án ástæðulausrar tafar.“,

- 9) í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

1. Að því er þessa tilskipun varðar skal safna þeim gögnum sem krafist er og skrá þau þannig að það valdi farþegum, sem stíga um borð eða frá borði, ekki ónauðsynlegum tófum.

2. Forðast skal að gagnaöflun fari fram mörgum sinnum á sömu eða svipuðum leiðum.“,

- 10) eftirfarandi grein bætist við:

„11. gr. a

1. Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun skal fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (*).

2. Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu stofnana og aðila Sambandsins samkvæmt þessari tilskipun, svo sem í sam-eiginlegu gáttinni og SafeSeaNet-kerfinu, skal fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 (**).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).“,

11) í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

1. Í undantekningartilvikum, sem eru tilhlýðilega rökstudd með viðeigandi greiningu framkvæmdastjórnarinnar, og til að koma í veg fyrir alvarlega og óásættanlega hættu fyrir siglingaöryggi eða ósamræmi við siglingalöggjöf Sambandsins, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 12. gr. a um breytingu á þessari tilskipun með það fyrir augum að beita ekki, að því er þessa tilskipun varðar, breytingum á alþjóðlegum gerningum, sem um getur í 2. gr.

2. Þessar framseldu gerðir skulu samþykktar að minnsta kosti þremur mánuðum áður en fresturinn, sem ákveðinn var á alþjóðavettvangi fyrir þegjandi samþykki á viðkomandi breytingu, rennur út eða fyrir þann dag sem fyrirhugað er að fyrirnefnd breyting öðlist gildi. Á tímabilinu fyrir gildistöku slíkra framseldra gerða ættu aðildarríkin ekki að hefja neinar aðgerðir sem miða að því að fella breytinguna inn í landslöggjöf eða beita breytingunni gagnvart viðkomandi alþjóðlegum gerningi.“,

12) eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 12. gr., að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 12. gr., yfir sjö ára tímabil sem hefst 20. desember 2017. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sjö ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 12. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 12. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“,

13) ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“,

b) ákvæði 3. mgr. falli brott,

14) eftirfarandi grein bætist við:

„14. gr. a

Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja niðurstöður matsins fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 22. desember 2026.

Eigi síðar en 22. desember 2022 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið bráðabirgðaskýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.“

2. gr.

Breytingar á viðaukanum við tilskipun 2010/65/ESB

Eftirfarandi liður bætist við í A-hluta viðaukans við tilskipun 2010/65/ESB:

„7. Upplýsingar um einstaklinga um borð

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins (Stjtið. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35).“

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 21. desember 2019. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 21. desember 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ráðstafana úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 15. nóvember 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MAASIKAS

forseti.